

**FRÁSÖGN**

*af marsfundum Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 30.–31. mars 2011*

Marsfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Stokkhólmi 30.–31. mars sl. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundina Helgi Hjörvar formaður, Siv Friðleifsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Bjarni Benediktsson og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara. Helstu mál á dagskrá voru Sambandsríkið Norðurlönd, endurskoðun landbúnaðarstefnu ESB, landsdómar og stjórnarskrárleg málefni, hugtak yfir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar í norrænu samstarfi, myndun fátækrahverfa og atvinnuleysi ungs fólks.

Forsætisnefnd ákvað að fylgja eftir árbók Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2010, Sambandsríkið Norðurlönd eftir Gunnar Wetterberg, með því að fela Miðstöð norrænna rannsókna (Centrum för Norden-studier, CENS) í Finnlandi að gera skýrslu með tillögum um nánara norrænt samstarf, án þess að setja markið sérstaklega á sambandsríki. Skýrslan skal vera tilbúin á 60 ára afmælisþingi Norðurlandaráðs 2012.

Efnahags- og viðskiptanefnd og umhverfis- og náttúruauðlindanefnd fjölluðu á sameiginlegum fundi um endurskoðun landbúnaðarstefnu ESB fyrir tímabilið 2013–2019 og möguleg samnorræn sjónarmið Norðurlandaráðs um hana. Skiptar skoðanir voru um hvort málið ætti heima innan ráðsins eða hvort það væri málefni einstakra ríkja. Meirihluti var fyrir því að halda umfjölluninni áfram á næstu fundum og komast að niðurstöðu um sameiginlegar áherslur.

Borgara- og neytendanefnd hélt áfram umfjöllun sinni um landsdóma í Finnlandi og á Íslandi. Kynnt var í nefndinni minnisblað Ragnhildar Helgadóttur, prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík, um lagalega ráðherraábyrgð á Íslandi.

Forsætisnefnd ákvað að Norðurlandaráð skyldi fylgja fordæmi Norrænu ráðherranefndarinnar og koma ekki til móts við beiðni Vestnorræna ráðsins um að hætta að nota hugtakið sjálfstjórnarsvæði yfir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar í opinberum textum um norrænt samstarf. Við afgreiðslu ráðherranefndarinnar studdu Ísland, Færeyjar, Grænland og Álandseyjar beiðnina um að nota frekar hugtökin lönd eða sjálfstjórnarlönd. Danmörk studdi beiðnina einnig en lagði um leið áherslu á að í því fælist ekki breytt afstaða til stöðu Færeyja og Grænlands innan danska ríkisins. Við afgreiðslu forsætisnefndar lýstu Helgi Hjörvar og danski þingmaðurinn Line Barfod sig andvíg niðurstöðu meirihluta nefndarinnar.

Velferðarnefnd fjallaði um myndun fátækrahverfa á Norðurlöndum og fundaði af því tilefni með sænska innflytjendamálaráðherranum Erik Ullenhag og heimsótti Rinkeby-hverfið þar sem félagsleg staða íbúa er hvað verst í Stokkhólmi. Ullenhag lagði áherslu á að föst vinna og bætt sænskukunnátta skiptu mestu máli til að fólk gæti brotist út úr erfiðri félagslegri stöðu og tryggði betri aðlögun flóttamanna og innflytjenda. Velferðarnefnd vinnur nú að tillögu um hvernig koma megi í veg fyrir myndun fátækrahverfa á Norðurlöndum.

Þá héldu menningar- og menntamálanefnd, efnahags- og viðskiptanefnd og velferðarnefnd sameiginlegan fund um atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum. Á fundinum kom m.a. fram að næstum útilokað er fyrir ófaglært ungt fólk að fá atvinnu og að ungt fólk á Íslandi og í Finnlandi er lengur að ljúka námi en ungt fólk annars staðar á Norðurlöndum. Gestir fundarins voru Tone Mørck, framkvæmdastjóri Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, Lisbeth Lundahl prófessor og Jonas Olofsson verkefnastjóri hjá háskólanum í Umeå og Samuel Strömgren, verkefnastjóri YOU-verkefnisins í Västerås.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu [www.norden.org](http://www.norden.org).